

# Fundur skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

**Haldinn 08.05.18**

Fundinn sátu: Birgir Jónsson skólastjóri, Friðrik Á. Þorvaldsson formaður skólaráðs, Petrína Kristín Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi, Eva Dröfn Sævarsdóttir fulltrúi foreldra, Ragnar Valgeir Jónsson fulltrúi kennara, Benedikta Diljá Pétursdóttir fulltrúi nemenda og Henny Gígja Guðbjörnsdóttir fulltrúi nemenda.

## Á dagskrá er:

### 1. Starfsmannamál fyrir næsta skólaár.

Auglýst var um lausar stöður í skólanum. Búið að ráða inn 2 nýja starfsmenn fyrir næsta vetur. Aðrar breytingar er ekki vitað um að svo stöddu. Verið er að klára að fara yfir málin fyrir næsta skólaár.

### 2. Framkvæmdir.

Framkvæmdir í íþróttahúsi standa nú yfir og áætlað að það taki 2-3 mánuði að klára það verk frá byrjun til enda. Það er verið að skipta um loftræstingu. Það þarf að passa verklag á slíkum framkvæmdum og passa að allir sem koma að málunum séu meðvitaðir um hvenær eigi að byrja á verkefnum. Starfsfólk skólans var ekki látið vita um hvenær ætti að byrja í íþróttahúsinu sem er ekki boðlegt.

Það þarf að skipta um parket í stofu á 3. hæðinni, ásamt því að tengja loftræstistokkinn í stigahúsinu. Það á að byrja á skólalóðinni strax í sumar og á hún að vera klár fyrir skólabyrjun í haust. Það er byrjað að laga leka og á að laga lekann á horninu á húsinu þar sem að tónlistarskólinn er.

### 3. Næsta skólaár.

Skólaráð er óbreytt. Birgir ætlar að skipa varamenn fyrir næsta ár.

### 4. Önnur mál.

Það hafa fengist margir styrkir t.d. 2 milljónir í styrk fyrir Kristínu Lukku, til að útbúa námsefni í matreiðslu.

Eskja ætlar að styrkja upplýsingatækni/forritunarverkefni.

Einnig kemur styrkur frá Alcoa.

Hamar gaf skólanum heyrnaskjól og Egersund gaf sippubönd.

Hafa þessi fyrirtæki þökk fyrir.

Fundi slitið

Eva Dröfn Sævarsdóttir